



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Sjálfsmatsskýrsla 2025 – 2026



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu.....	3
1.2	Almenn stefna og markmið	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans.....	4
2.1	Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun í Innu/Skólapúlsinn	4
2.2	Könnun meðal útskrifaðra nemenda.....	6
2.3	Spurningar til kennara	6
2.4	Matsfundir/kennslumat.....	6
2.5	Stofnun ársins.....	6
2.6	Starfmannapúlsinn	7
2.7	Viðhorfskannanir meðal starfsfólks.....	7
2.8	Brotthvarf	7
2.9	Húsfundur	8
3	Tölulegar upplýsingar.....	9
4	Aðgerðir til úrbóta.....	11

1 Inngangur

1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaþróaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarnám. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaþróaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarnám sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu.



1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2025-2026 voru starfsmenn 43 í 38 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein og í hópnum eru tveir leiðbeinendur sem eru í kennsluréttindanámi.

Starfsfólk	H2024	V2025	H2025	V2026
Stjórnendur	3	3	3	3
Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu	6	6	6	6
Kennarar	24	25	26	26
Þroskajálfar	1	2	2	2
Starfsfólk mötuneytis	2	2	2	2
Stuðningsfulltrúar	2	4	4	4
Alls:	38	42	43	43

Tafla 1. Fjöldi starfsfólks

2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á [lögum um framhaldsskóla \(nr. 92/2008\)](#) og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Sjálfsmatsáætlun skólans fyrir skólarið 2025-2026 má sjá á vef skólans.


2.1 Könnun á líðan nemenda; viðhorfskönnun í Innu/Skólapúlsinn

Líðan nemenda var könnuð með viðhorfskönnun í Innu á haustönninni og svöruðu 39% nemenda könnuninni sem samanstóð af fimm krossasurningum og einni opinni spurningu. Þetta er töluvert lægra svarhlutfall en undanfarnar annir. Markmiðið með könnuninni er að kanna líðan nemenda og viðhorf þeirra til skólans. Niðurstöður sýndu að 60% þeirra sem svöruðu könnuninni líður vel eða mjög vel í skólanum og 12% líður illa eða mjög illa. Undanfarnar annir hefur líðan nemenda versnað


nokkuð. Þegar spurt er um ánægju nemenda með að vera í FMOS segjast 64% vera ánægð eða mjög ánægð sem er einnig töluvert lægra hlutfall en hefur verið.

Á vorönn 2026 var könnunin Skólapúlsinn lögð fyrir og því miður svöruðu aðeins tæplega 40% þeirra sem fengu könnunina, sem er langt undir þeim mörkum sem þarf til að fá niðurstöður sendar.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr tveimur af spurningunum í viðhorfskönnuninni:



Mynd 1. Líðan nemenda, á skalanum 1-5



Mynd 2. Ánægja með að vera í FMOS á skalanum 1-5

Þegar nemendur voru spurðir um álagið í náminu segja 60% það vera mikið eða mjög mikið miðað við 50% árið áður og 9% segja það lítið eða mjög lítið miðað við 17% árið áður. Spurt

var hvort nemendur hefðu orðið varir við einelti og hlutfall þeirra sem segjast ekki hafa orðið varir við einelti lækkar aðeins frá fyrra ári og er nú 85%.

2.2 Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Á vorönn var send út spurningakönnun til nemenda sem höfðu útskrifast á árunum 2022-2024. Í framhaldi af könnuninni var þátttakendum boðið að koma í kaffi og spjall um niðurstöðurnar. Ekkert varð af þeim fundi þar sem þátttaka var ekki nægilega mikil. Könnunin sýndi eins og áður að um það bil helmingur útskrifaðra nemenda hefur farið í áframhaldandi nám. Einnig er spurt um ánægju nemenda með að hafa verið í FMOS og eru nemendur almennt ánægðir með námið og eins og áður eru nokkrir sem nefna að þeir hefðu viljað fá æfingu í að taka stór próf. Þátttakendur lýsa annars mikilli ánægju með að hafa verið í verkefnaþíðuðu námi sem þeim finnst nýfast mjög vel í háskólanáminu.

2.3 Spurningar til kennara

Í nóvember var sendur út spurningalisti til kennara þar sem spurt var um framkvæmd miðannarmats og miðannarmatsviðtala, endurskiladaga, handbók kennara o.fl. Tilgangurinn með þessum spurningalista var að fá yfirlit yfir sýn og markmið kennara í ákveðnum þáttum skólastarfsins svo hægt væri að vinna markvisst í framhaldinu að skýrri stefnu skólans og tryggja að allir séu að stefna í sömu átt. Sjálfsmatshópurinn hefur í framhaldinu gert tillögur að verklagsreglum/leiðbeiningum varðandi nokkra þætti skólastarfsins sem snúa beint að kennurum.

2.4 Matsfundir/kennslumat

Ekkert kennslumat var lagt fyrir skólaárið 2025-2026 en stjórnendur hafa hug á að taka aftur upp fyrra fyrirkomulag með blöndu af matsfundum og kennslukönnun í Innu.

2.5 Stofnun ársins

Á haustönn 2025 var könnunin Stofnun ársins send út til allra starfsmanna. Stjórnendur höfðu sett sér það markmið að ná betri árangri en árið áður þegar 52. sætið var niðurstaðan. Það gekk eftir og niðurstaðan varð sú að skólinn var í 28. sæti í flokki meðal stórra stofnana.



2.6 Starfmannapúlsinn

Á vorönn 2026 stóð til að leggja Starfsmannapúlsinn fyrir en ekkert varð úr því þar sem Vísar rannsóknir hafa tekið þá ákvörðun að hætta að bjóða upp á Starfsmannapúlsinn í framhaldsskólunum.

2.7 Viðhorfskannanir meðal starfsfólks

Sjálfsmatshópur og stjórnendur eru farin að nýta sér það í ríkara mæli að leggja stuttar kannanir fyrir starfsmannahópinn til að fá álit þeirra á ýmsu sem varðar skólastarfið. Á skólaárinu 2025-2026 voru sendar út tvær kannanir, annars vegar til að fá fram sjónarmið kennara vegna skóladagatsins og hins vegar til að heyra í þeim kennurum sem innleiddu kennslukerfið Canvas í sínum hópum.

2.8 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og að það lækki á milli ára og er það í samræmi við markmið Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Upplýsingar um brotthvarf sem birtast hér fyrir neðan eru skráningar um úrsagnir úr námi í Innu flokkað eftir ástæðum úrsagnar.



Ástæður brotthvarfs	Haust 2025		Vor 2026	
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	3	30%	4	12%
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður				
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi				
Nám of erfitt				
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Einelti				
Veikindi barna				
Fór í annan skóla				
Líkamleg veikindi				
Vísað úr skóla/brot á skólareglumúrólareglum		%	25	72%
Persónulegar ástæður	2	20%	1	2%
Andleg veikindi	4	40%	1	2%
Annað	1	10%	4	12%
Samtals	10	100%	35	100%

Tafla 2. Ástæður brotthvarfs

2.9 Húsfundur

Þann 29.4. var haldinn Húsfundur í sal skólans þar sem allir nemendur og allir starfsmenn voru boðaðir á fund. Þátttaka var góð og aðalefni fundarins voru skipulagsbreytingar sem taka gildi frá og með haustinu 2026.



3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2024	V2025	H2025	V2026
KK	117	119	149	138
KVK	136	124	150	128

Tafla 3. Skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2024	V2025	H2025	V2026
1998-2004	41	33	21	15
2005	40	30	22	46
2006	50	55	52	49
2007	62	64	71	55
2008	60	61	68	67
2009			65	58
Alls:	253	243	299	266

Tafla 4. Skipting nemenda eftir fæðingarár



Heiti brautar	H2024	V2025	H2025	V2026
Félags- og hugvísindabraut	22	21	21	21
Náttúruvísindabraut	27	19	15	10
Sérnámsbraut	17	17	26	24
Framhaldsskólabraut	57	39	62	48
Íslenskubraut	16	30	48	46
Opin stúdentsbraut, almennt kjörsvið	70	75	73	63
Opin stúdentsbraut, hestakjörsvið	25	20	21	19
Umhverfis- og líffræðibraut		3	13	14
Opin stúdentsbraut, Íþrótt- og lýðheilsukjörsvið	19	19	20	21
Alls	253	243	299	266

Tafla 5. Skipting nemenda eftir brautum



Póstnúmer	H2024	V2025	H2025	V2026
101-109	13	20	32	27
110-113	80	64	75	83
116/162	9	8	7	7
270-276	114	108	125	105
300	4	3	6	6
Annað	33	40	54	38
Samtals	253	243	299	266

Tafla 6. Skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2024	V2025	H2025	V2026
	23	19	13	22

Tafla 7. Brautskráningar

4 Aðgerðir til úrbóta

Könnun á líðan nemenda, viðhorfskannanir, Skólapúlsinn

Á skólaárinu 2025-2026 var Skólapúlsinn lagður fyrir á haustönn og viðhorfskönnun í Innu á vorönn. Þátttaka í þessum tveimur könnunum var mjög slök. Það hefur verið til umræðu hjá hópnum hvað sé hægt að gera til að bregðast við þessari þróun og ákvað hópurinn að á næsta skólaári yrði hópurinn að ræða nýjar leiðir til að ná fram sjónarmiðum nemenda.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

Matsfundir/kennslukönnun

Undanfarin ár hafa gæði kennslunnar verið könnuð ýmist með matsfundum eða kennslukönnunum. Vinnulagið hefur verið þannig að teknar eru þrjár annir í röð með hvorri



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

aðferð fyrir sig. Með breytingum í stjórnunarteyminu undanfarið og miklu álagi í skólanum hefur þessu gæðaeftirliti ekki verið sinnt sem skyldi. Það liggur fyrir að stjórnendur vilja koma þessum málum aftur í góðan farveg og því verður það eitt af verkefnum hópsins á næsta skólaári að koma með tillögur að því hvernig skuli meta gæða kennslunnar.

Markmið: Finna leið/leiðir til að meta gæði kennslunnar sem nýtast bæði kennurum og stjórnendum.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

Stofnun ársins

Staða skólans í könnuninni Stofnun ársins var notuð sem einn árangursmælikvarði í stefnumótun skólans undir markmiðinu aukin starfsánægja. Markmiðin fyrir árið 2025, að skólinn verði í 1.-10. sæti náðust ekki.

Markmið: Að skólinn nái betri árangri í Stofnun ársins 2026.

Ábyrgð: Stjórnendur.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Starfsmannapúlsinn

Undanfarin ár hefur verið notast við Starfsmannapúlsinn til að fylgjast með líðan starfsmann og til stóð að gera það á síðasta skólaári. Vísar rannsóknir ákváðu hins vegar að hætta að leggja þessa könnun fyrir þar sem ekki hefur verið mikil þátttaka á meðal skólanna. Sjálfsmatshópurinn ræddi ýmsar leiðir til að bregðast við þessu, m.a. að útbúa eigin könnun hér innan húss.

Markmið: Finna góða leið til að fylgjast með líðan starfsfólks.

Ábyrgð: Stjórnendur.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Tvær stuttar kannanir um afmörkuð mál voru lagðar fyrir kennarahópinn á veturinn 2025-2026. Það hefur sýnt sig að stuttar kannanir af þessu tagi nýtast stjórnendum vel til að fá fram skoðanir alls hópsins og leggja mat á hvernig best sé að halda áfram.

Markmið: Halda áfram að nýta kannanir af þessu tagi til að tryggja að rödd allra heyrist.

Ábyrgð: Stjórnendur

Húsfundur

Húsfundir hafa frá stofnun skólans verið mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Húsfundur var haldinn í apríl 2026 með þátttöku bæði nemenda og starfsmanna. Húsfundir eru mikilvægt tækifæri fyrir starfsmenn og nemendur til að koma saman og ræða málín.

Markmið: Setja húsfund á dagskrá næsta skólaárs.

Ábyrgð: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Guðrún Guðjónsdóttir, verkefnastjóri

Karen Woodrow, kennari í hestagreinum

Vignir Árnason, kennari í íslensku